

Þjálfun hugar og handa

Deila má um það hvort sumt af því sem við tökum okkur fyrir hendur sé til einhvers gagns eða bara til að hafa gaman af því. Í gegn um leiki öðlast börn mikilvæga þjálfun í samhæfingu hreyfinga og aukinn þroska. Sannað er að við hin eldri getum viðhaldið andlegri og líkamlegri getu með þjálfun. Allavega er ekki verra að menn hafi gaman af því sem gera þarf. Á dagskrá hjá okkur er ýmisleg afþreying sem býður upp á þjálfun hugar og handa.

Rabfundir. Undir þessu nafni ganga vikulegir fundir þar sem gestir eða félagar fara með skemmtun eða fróðleik, nema hvorttveggja sé.



Spil. Við spilum félagsvist, bridge og canasta. Haldin hafa verið námskeið í sagnakerfum við góðar undirtektir. Einstaka sinnum er spilað bingó.



Handverk. Ýmiss konar handverk er haft um hönd. Konur koma saman hver með sitt verkefni vikulega.



Útskurður er í handavinnuhúsi grunn-skólans. Viðfangsefnin eru misstór og misflókin.



Námskeið eru haldin öðru hverju. Á seinni árum hafa til dæmis verið haldin námskeið í keramikmálun, leirmunagerð, myndlist og gimbi.

Bókmenntahópurinn hittist vikulega. Menn lesa hver fyrir annan efni að eigin vali. Ekki vilja allir lesa, enda er í góðu lagi að koma og hlusta. Stundum er tekin fyrir ákveðin bók og taka menn þá við hver af öðrum.



Kaffið er haft um hönd hvenær sem félagar koma saman. Veisluborð er reitt fram á haust-, jóla- og vorfundum. Júlíus, Guðborg og Jóna heitin stóðu löngum í ströngu við að hafa nóg til handa öllum.



Gestir á Sparidögum á Hótel Örk hafa átt vísan kaffisopa hjá okkur í gegnum árin og við notið gestrisni víða um land í staðinn. Fremst á myndinni hér til hægri er jólakakan frá Gógó sem rækilega hefur slegið í gegn síðustu árin.